

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 22.2.2024

Vallarhús

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Lilja Friðriksdóttir, Jóna Björg Pálmadóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson (fjarfundi) og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Úthlutun úr afreks- og viðurkenningarsjóði Norðurþings

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar úthlutun Norðurþings úr afreks- og viðurkenningarsjóði.

Lagt fram.

2. Formaður aðalstjórnar

Bergur Jónmundsson býður sig fram til formennsku í félaginu og situr fram að næsta aðalfundi sem áætlaður er í apríl/maí.

3. Sögunefnd Völsungs

Fyrir aðalstjórn liggur fundargerð frá 13.2.2024 í sögunefnd Völsungs.

Lagt fram.

4. Barna- og unglíngaráð

Fyrir aðalstjórn liggur fundargerð frá 12.2.2024 í barna- og unglíngaráði í knattspyrnu

Lagt fram.

5. Íþróttafólk Völsungs

Tilnefningar frá deildum félagsins hafa skilað sér og stefnt er á að halda viðburðinn 7. mars. Kosning hefst á mánudaginn næstu viku, 26. febrúar, og stendur út vikuna. Allir félagsmenn Völsungs sem greitt hafa félagsgjaldið hafa kosningarétt. Framkvæmdastjóri athugar með húsnæði fyrir viðburðinn.

6. Samningur við Landsbankann á Húsavík

Samningurinn er til eins árs með væntingum um að upphæðir samningsins verði endurskoðaðar að þessu ári liðnu.


Framkvæmdarstjóri segir frá því að hann hafi skrifað undir samninginn fyrir hönd félagsins í gær, 21. febrúar 2024.

Aðalstjórn lýsir ánægju með undirritun samningsins.

7. Samningur við Íslandsbanka á Húsavík

Samningurinn er til tveggja ára. Er það frábrugðið síðustu samningum sem hafa einungis verið til eins árs í senn.

Framkvæmdastjóri segir frá því að samningurinn hafi verið undirritaður fyrr í dag, 22. febrúar 2024. Aðalstjórn lýsir ánægju með undirritun samningsins.



Fundi slitið: 17:55